



Fréttabréf Hagfræðideildar

Október 2024

Hagfræðideild Landsbankans

Markaðsdagatal – október 2024

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
	1. október Verðbólga á evrusvæðinu.	2 Vaxtaákvörðun hjá Seðlabanka Íslands	3	4 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
7	8	9	10 Brottfarir um Keflavíkurlflugvöll í sept. (FMST) Ölgerðin birtir uppgjör Verðbólga í Bandaríkjunum.	11 Skráð atvinnuleysi í sept. (VMST)
14	15 Hagspá Landsbankans kynnt í Hörpu Vísitala íbúðaverðs í sept. (HMS)	16 Fundargerð peningastefnunefndar (SÍ) Greiðslumiðlun í sept. (SÍ) Vísitala leiguverðs í sept. (HMS) Verðbólga í Bretlandi	17 Hagar birta uppgjör	18
21 Sjóvá birtir uppgjör	22 Icelandair og Síminn birta uppgjör	23 Íslandsbanki og Landsbankinn birta uppgjör	24 Play birtir uppgjör	25
28	29	30 Vísitala neysluverðs í okt. (HAG) Arion banki, Festi og Marel birta uppgjör	31 Eik og Nóva klúbburinn birta uppgjör Verðbólga á evrusvæðinu	




Verðbólga

Vísitala neysluverðs (VNV) lækkaði um 0,24% á milli mánaða í september og við það lækkaði ársverðbólga úr 6,0% í 5,4%. Mælingin kom á óvart, en við spáðum 0,08% hækkun á milli mánaða og að ársverðbólga myndi lækka í 5,7%. Árshækkun VNV án húsnæðis er 2,8% og hefur ekki mælst minni síðan í júní 2020. Árshækkunir allra þriggja kjarnavísitalnanna lækkuðu á milli mánaða.

Hagsjá: Verðbólga undir væntingum annan mánuðinn í röð - lækkar í 5,4%


Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára




Breyting VNV á milli mánaða

Það var tvennt sem kom á óvart í septembermælingunni. Flugfargjöld til útlanda lækkuðu meira en við höfðum spáð, en flugfargjöld lækka jafnan á milli mánaða í september. Við vorum meðvituð um að niðurfelling gjalda vegna skólamáltíða í grunnskólum myndi hafa áhrif til lækkunar á liðnum hótél og veitingastaðir en vanmátum lækkunaráhrifin.

Framlag undirliða í september



Septembermælingar VNV




Samsetning ársverðbólgu


Framlag allra helstu undirliða til ársverðbólgu lækkaði á milli mánaða í september, ef frá er talinn liðurinn innfluttar vörur án bensíns. Af 0,62 prósentustiga lækkun ársverðbólgu á milli mánaða skýrast 0,30 prósentustig af gjaldfrjálsum skólamáltíðum og 0,13 prósentustig af framlagi flugfargjalda til útlanda. Þessir tveir liðir skýra því 70% af hjöðnun ársverðbólgunnar á milli mánaða.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án mötuneyta og flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.




Horfur næstu mánuði

Við gerum ráð fyrir að ársverðbólga verði 5,0% í október, 4,5% í nóvember og 4,4% í desember. Spáin nú er 0,3-0,4 prósentustigum lægri en verðbólguþáin sem við birtum í verðkönnunarvikunni í september. Skýrist munurinn annars vegar af því að áhrif gjaldfrjálsra skólamáltíða á verðbólguþáin voru nokkuð meiri en við bjuggumst við og hins vegar af því að við lækkum aðeins spá okkar um verð á flugfargjöldum til útlanda.


Verðbólguþáir

Breyting milli mánaða



Verðbólguþáir

Ársverðbólga



Spáum varkárni í peningastefnu og óbreyttum vöxtum


Þrátt fyrir ríflega verðbólguhjöðnun og síhækkandi raunstýrivexti teljum við ólíklegt að peningastefnunefnd lækki vexti 2. október. Nefndin hefur stigið varlega til jarðar síðustu mánuði. Í síðustu yfirlýsingu nefndarinnar er sérstaklega talað um „varkárni“ og greinilegt að Seðlabankanum er mikið í mun að hætta ekki á að missa aftur stjórn á verðbólgunni og verðbólguvæntingum.

Hagsjá: Spáum varkárni í peningastefnu og óbreyttum vöxtum

Vaxtaákvarðanir peningastefnunefndar

Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
9. feb. 2022	+0,75%	ÁJ, RS, GJ, GZ, KÓ			+0,75%	2,75%
4. maí 2022	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS			+1,00%	3,75%
22. jún. 2022	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS	GZ (+1,25%)		+1,00%	4,75%
24. ágú. 2022	+0,75%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS	GZ (+1,00%)		+0,75%	5,50%
5. okt. 2022	+0,25%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS			+0,25%	5,75%
23. nóv. 2022	+0,25%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS	GZ (+0,50%)		+0,25%	6,00%
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS	HS (+0,75%)		+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
2. okt. 2024						
20. nóv. 2024						

Meginvextir Seðlabanka Íslands




Vísitala íbúðaverðs

Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 1,4% á milli mánaða í ágúst og er hækkunin sú sjötta í röð. Þrátt fyrir þessa hækkun á milli mánaða lækkaði árstakturinn úr 11,0% í 10,8%. Skýrist það af því að vísitalan hækkaði aðeins meira á milli mánaða í ágúst í fyrra, eða um 1,6%. Árshækkun vísitölunnar var minnst 0,7% í júlí í fyrra og hefur því hækkað mikið á undanfögnu ári. Að þessu sinni var það sérbýli á höfuðborgarsvæðinu sem hækkaði mest á milli mánaða. Fjölbýli á landsbyggðinni lækkaði á milli mánaða.


Vísitala íbúðaverðs

Breyting milli ára




Seinustu þrjá mánuði

Breyting milli mánaða




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag lækkaði í kjölfar þess að septembermæling VNV var nokkuð lægri en búist var við, mest á styttri endanum. Í lok mánaðarins var álagið 3,37% til tveggja ára (-0,63% í mánuðinum), 3,64% til fimm ára (-0,17% í mánuðinum) og 3,66% til tíu ára (-0,16% í mánuðinum). Álagið til fimm ára eftir fimm ár var 3,67% (-0,14% í mánuðinum) í lok mánaðarins.



Raunstýrivextir


Raunstýrivextir hafa hækkað síðustu mánuði á alla mælikvarða. Miðað við liðna verðbólgu eru raunstýrivextir 3,8% og hafa hækkað um 2,3 prósentustig síðan um áramót. Miðað við verðbólguvæntingar eru raunstýrivextir á milli 5,0% og 5,5%.



Verg landsframleiðsla


Samkvæmt fyrsta mati Hagstofunnar mældist 0,3% samdráttur í landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi. Minni einkaneysla, meiri innflutningur og minni útflutningur en á öðrum ársfjórðungi í fyrra höfðu áhrif til lækkunar. Aftur á móti mældist meiri samneysla og fjármunamyndun en á sama tíma í fyrra ásamt því sem framlag birgðabreytinga var jákvætt. Hagkerfið hefur nú dregist saman tvo fjórðunga í röð, en þar áður mældist samfelldur hagvöxtur síðan á fyrsta ársfjórðungi 2021.

Hagsjá: Samdráttur annan ársfjórðunginn í röð




Skráð atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi var 3,2% í ágúst og jókst úr 3,1% í júlí. Atvinnuleysi er örlítið hærra en á sama tíma í fyrra, en þá var það 2,9%.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Alls nam greiðslukortavelta íslenskra heimila 117,5 mö.kr. í ágúst og jókst um 6,5% á milli ára, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Innanlands jókst kortavelta íslenskra heimila um 3,7% að raunvirði og erlendis jókst hún um 17,3% á föstu gengi, sé miðað við ágústmánuð í fyrra. Þetta bendir til þess að áfram sé þó nokkur kraftur í eftirspurn heimila eftir vörum og þjónustu, þrátt fyrir háa vexti. Aukin neysla Íslendinga erlendis rímar ágætlega við gögn um utanlandsferðir landsmanna. Brottfarir Íslendinga um Keflavíkurflugvöll voru 13,3% fleiri í ágúst á þessu ári en í ágúst í fyrra.




Hrein ný íbúðalán

Hrein ný verðtryggð útlán innlánastofnana í ágúst voru 11 ma.kr. og drógust nokkuð saman á milli mánaða. Í júlí var nettó uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum 14 ma.kr., en nettó ný verðtryggð lán voru 25 ma.kr. Það hefur verið nettó uppgreiðsla á verðtryggðum lánum og nettó ný verðtryggð lán hjá bönkunum samfellt síðan í desember 2022.



Viðskiptajöfnuður við útlönd

Viðskiptajöfnuður var neikvæður um 43,9 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi. Þetta er mun verri niðurstaða en á 2. ársfjórðungi í fyrra þegar það mældist 6,4 ma.kr. afgangur. Lagðist á eitt að afgangurinn af þjónustujöfnuði dróst saman á milli ára, hallinn af vöruskiptajöfnuði jókst milli ára, í stað afgangs af frumpáttatekjum mældist halli og hallinn af rekstrarframlögum jókst milli ára.




Staðan í ferðapjónustu

281 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurlflugvöll í ágúst, sem er 0,3% fleiri en í ágúst í fyrra. Á fyrstu 8 mánuðum ársins voru brottfarir 1.520 þúsund manns, sem eru 0,8% fleiri en á sama tímabil í fyrra. Í ágúst jókst erlend kortavelta á föstu verðlagi um 5,2% milli ára, kortavelta á föstu gengi jókst um 3,6% og gistinætur útlendinga fjölgaði um 2,3%.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns



Þróun helstu mælikvarða

Breyting milli ára eftir mánuðum




Kortavelta á föstu verðlagi raunvirt með VNV án húsnæðis, fast gengi raunvirt með GVT.

Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands


Gengi krónunnar

Krónan styrktist á móti bæði evru og Bandaríkjadal í september. Í lok mánaðarins stóð evran í 150,7 (-1,4% milli mánaða) og Bandaríkjadalur í 134,6 (-2,4% innan mánaðar).



Gjaldeyrisinngrip Seðlabanka Íslands

Seðlabankinn greip síðast inn í á gjaldeyrismarkaði í febrúar þegar bankinn keypti evrur fyrir 9,2 ma.kr. til að mæta innflæði erlendra fjárfesta vegna kaupa þeirra á íslenskum ríkisskuldabréfum.




Gjaldeyrsviðskipti lífeyrissjóðanna

Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóðanna fyrstu átta mánuði ársins eru 51 ma.kr., sem er aðeins minna en á sama tíma í fyrra þegar þeir höfðu keypt 68 ma.kr. og á sama tíma 2022 þegar þeir höfðu keypt 59 ma.kr.


Gjaldeyrsviðskipti lífeyrissjóðanna

Ma.kr.



Uppsöfnuð kaup innan árs

Ma.kr.



Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki og sætir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).